



Alþýðusamband Íslands

Þing Starfsgreinasambands Íslands október 2011

Ágætu félagar.

Það eru nú liðin þrjú ár frá einhverju mesta efnahagshruni sem þessi þjóð hefur mátt upplifa, þó aðeins sé farið að rofa til við sjóndeildarhringinn. Allt of margir félagar okkar hafa staðið frammi fyrir miklum vanda vegna atvinnu- og tekjumissis, rýrnandi kaupmáttar og gríðarlegrar skulda- og vaxtabyrði. Þó ég sé þeirrar skoðunar að við eigum sífellt að vera að spyrja okkur sjálf um tilgang, hlutverk og baráttuaðferða verkalyðshreyfingarinnar, er ég einnig sannfærður um að það er einmitt við svona aðstæður sem bæði mikilvægi þessarar hreyfingarinnar okkar og nauðsyn órofa samstöðu innan okkar raða verður ljós ef okkur á að takast að mæta þeim miklu væntingum sem til okkar eru gerðar. Þau verkefni sem við settum okkur í þessum hrunadansi var annars vegar að treysta stöðu þeirra tekjulægstu og verja hag heimilanna og hins vegar að leggja grunn að endurreisn okkar lífskjara með uppbyggingu atvinnulífsins til að skapa fleiri störf og auka tekjur. Þessi vegferð hefur ekki verið auðveld og við höfum mátt sitja undir harðri gagnrýni um ýmis þau mál sem við höfum staðið fyrir. Á sama tíma og við eigum að fagna því að fá uppbyggilega og nauðsynlega gagnrýni á okkar störf bæði innan úr okkar hreyfingu og frá samfélaginu eigum við ekki að láta óbilgjarna spunataktík og útúrsnúninga hrekja okkur af leið. Við eigum ekki að láta slíkan málflutning aftra okkur frá því að axla ábyrgð og taka þátt í samstarfi ef það má vera til þess að hafa jákvæð áhrif á hag og stöðu okkar félagsmanna.

Þegar við lítum yfir þessi þrjú ár hefur ýmsu verið áorkað. Okkur tókst að verja kaupmátt þeirra tekjulægstu og með kjarasamningunum núna í vor hófum við uppbyggingu kaupmáttar hins almenna launamanns. Okkur tókst að ná í gegn mikilvægum réttarbótum fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem eru í miklum greiðsluferiðleikum, bæði hvað varðar að verja þau fyrir græðgi rúkkaranna og fá skýr lagaákvæði sem gera almenningi kleyft að fá liðsinni dómstóla til að afskrifa endanlega ógreiðanlegar skuldir. Okkur tókst í samstarfi við ríkisstjórnina að verja viðkvæmustu hluta okkar heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfis, þó óhjákvæmilegur niðurskurður hafi komið við okkur öll. Öfugt á við féлага okkar í nálægum löndum þá tókst okkur að lengja bótaréttinn í atvinnuleysistryggingum tímabundið í fjögur ár á meðan hann hefur verið stytur annars staðar.

En góðir félagar,

Það sem ekki hefur tekist á þessari vegferð er að koma gangverki atvinnulífsins í gang, að skapa störf og auka tekjur okkar félagsmanna. Alþýðusambandið hefur verið og er þeirrar skoðunar að affærasælast sé að mynda breiða samstöðu á vinnumarkaði og á vettvangi stjórn mála til að leiða þjóðina í gegnum þetta óveður. Það er engin launung á því að mikillar tortryggni gætti meðal fulltrúa í samninganefndum aðildarsamtaka ASÍ og reyndar einnig innan raða atvinnurekenda í garð ríkisstjórnarinnar eftir vanefndirnar með framgöngu Stöðugleikasáttmálans, einkum er varðar átak í atvinnumálum. ASÍ beitti sér fyrir því að fá fram skuldbindingar af hálfu ríkisstjórnarinnar bæði um samstarf og samráð við stefnumótun í mikilvægum málaflökkum og skýrar tímasetningar um hvenær stefnumiðin lægju fyrir. Þannig átti að endurskoða efnahagsstefnuna, þar sem vissulega yrði byggt á þeim árangri sem náðst hefur í stjórn ríkisfjármála en áherslan í samstarfinu myndi færast yfir á önnur brýn úrlausnarefni. Þannig þarf að takast á við mótun fjárfestingaráætlunar, sérstakrar hagvaxtaráætlunar og umfram allt stefnu stjórnvalda í vaxta-, gengis- og verðlagsmálum. Samkomulag var um að þetta ætti að liggja fyrir í lok maí og júní áður en við tæjum endanlega afstöðu til gildistöku kjarasamninganna, en hefur ekki ennþá séð dagsins ljós.

Ég ætla ekki hér að fara nánar út í þetta hérna en leyfa mér að velta að eins vöngum með ykkur um það hvernig þessi þjóð getur komist upp úr þeim hjólförum sem við höfum festst í. Að mínu mati erum við í kapphlaupi við tímann – við höfum klárlega fleiri tækifæri til hagvaxtar en margar aðrar þjóðir en gætum allt eins upplifað að þau sigli hjá ef við náum ekki breiðri samstöðu um leiðina fram á við. Um leið vil ég leyfa mér að horfa svolítið til síðustu 100 ára til að draga einhvern lærdóm af sögunni.

Ef litið er til þróunar kaupmáttar dagvinnulauna verkakarla hjá Dagsbrún/Eflingu í Reykjavík, en Hagstofan hefur birt upplýsingar um þessi laun frá 1906, kemur dálítið forvitnileg þróun í ljós. Á tímabilinu frá 1906-1945 jókst kaupmáttur um að meðaltali 3,1% á ári. Þarna vorum við að brjótast út úr viðjum bændasamfélagsins og áttthagafjötrana með uppbyggingu sjávarútvegs, iðnaðar og þjónustu í þéttbýli. Verkalýðshreyfingin er að slíta sínum barnskóm við að skipuleggja stétt launafólks með skipulagðri kjarabaráttu þannig að aukin framleiðni atvinnulífsins skilar sér í varanlegum kaupmætti launafólks.

Eftir lýðveldistöku og fram til ársins 1990 sveiflaðist kaupmáttur almenns launafólks um tugi prósentu milli tímabila, en lækkaði að meðaltali um 0,4% á ári frá 1945-1990. Einkenna má þetta tímabil við haftastefnu, pólitíska skömmtunarstefnu, fjórflokkinn og kunningjasamfélagið og glímu við hugmyndafræðilega drauga sem lítt áttu skylt við þarfir hins almenna launamanns. Skammtíma ávinningar verkalýðshreyfingarinnar í kaupmætti voru teknir með gengisfellingum. Þó launafólk haldi sínum hlut svona að mestu, verður lífskjarabati almennings mikill með yfirvinnu og stórauðni atvinnuþátttöku kvenna og ungmenna.

Gerð Þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 var í raun uppreisn við þessu ástandi. Verkalýðshreyfingunni og samtökum atvinnurekenda tókst að fá hið pólitíska vald í landinu til að skipta um kúrs og láta stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum hvíla á fastgengisstefnu sem yrði forgangsverkefni í mótun efnahagsstefnunnar, amk. framan af. Með samningunum um Evrópska efnahagssvæðið var okkur tryggður aðgangur að nýjum mörkuðum, áhersla var lögð á aukna samkeppni með fjárfestingum í þekkingu, vöruþróun, fullvinnslu og markaðssetningu, samstaða var um aukna starfsmenntun og fræðslu á vinnumarkaði. Þetta leysti úr læðingi mikla framleiðniaukningu sem lagði grunn að miklum lífskjarabata og minni yfirvinnu. Kaupmáttur jókst að meðaltali um 2,4% á ári frá 1990 og fram til dagsins í dag – þrátt fyrir þetta bakslag sem við höfum nú orðið fyrir.

Það er einnig merkilegt að ef við horfum yfir þessi ríflega 100 ár höfum við haft það að meðaltali ágætt því kaupmáttur launafólks hefur vaxið um 1,4% á ári, því við búum ennþá að árangri árána 1918-1944 og 1990-2010. En hvaða lærdóm getum við dregið af þessari þróun?

Í fyrsta lagi að það þarf djarf hug og breyttar forsendur til þess að komast upp úr hjólförunum. Forystumenn þjóðarinnar, bæði á vettvangi stjórnmalanna og innan verkalýðshreyfingarinnar, gerðu sér grein fyrir því að til að auka lífskjör þessarar þjóðar upp úr þar síðustu aldamótum urðum við að segja skilið við ofríki Dana og hasla okkur sjálf völl í alþjóðlegum viðskiptum og samskiptum á eigin forsendum.

Í öðru lagi þarf skýra framtíðarsýn um hvert við viljum fara og stefnufestu til þess að hrekjast ekki af leið. Þessi þjóð býr að fjölmörgum tækifærum en okkur skortir áræðni til að nýta þau.

Í þriðja lagi þarf að setja þarfir fólks og fyrirtækja í öndvegi, ekki pólitískar kreddur. Stóra spurningin sem við stöndum frammi fyrir er, hvort við ætlum að falla til baka á tímabilið sem einkenndi þjóðfélagsþróunina á árunum 1945-1990 með endurteknum átökum um meginmarkmið eða rífa okkur upp úr hjólförunum og nýta þau tækifæri sem við búum að.

Ágætu félagar,

Hver eru viðfangsefni og hvar eru tækifærin? Augljóslega er brýnasta úrlausnarefnið að auka hagvöxt og fjölga störfum. Við gengum frá samkomulagi um mótun áætlunar um auknar fjárfestingar – sem eru í sögulegu lágmarki – til að leggja grunn að meiri hagvexti og verðmætasköpun í framtíðinni. Bæði þarf að huga að bráðaaðgerðum til að skapa störf á borð við fjárfestingar í samgöngumannvirkjum og viðhaldi og nýbyggingu fyrir hið opinbera þar sem lífeyrissjóðirnir geta verið samstarfsaðilar um fjármögnun.

Mestu tækifærin eru þó í því að nýta þau tækifæri sem eru í okkar græna hagkerfi því Ísland gæti verið eitt af fyrstu löndunum sem byggja meirihluta efnahagsstarfseminnar á grænum gildum. Fyrir skemmstu kom niðurstaða af þverpólitískri vinnu flokkanna um græna hagkerfið sem er

mikið fagnaðarefni, en það vakti athygli mína að lítið var fjallað um eina af megin ástæðum þess að þessi geiri hefur ekki tekið flugið og það er markaðsaðgangur fyrir okkar fullunnu grænu afurðir frá landbúnaði og sjávarútvegi. Þrátt fyrir að fullvinnsla hafi aukist töluvert í sjávarútvegi er allt of mikið um hráefnaútflutning og stór hluti af útflutningi á landbúnaðarafurðum er óunninn afurð. Fyrir utan þá kvóta sem við fengum með EES samningnum, er útflutningur þessara afurða annað hvort bannaður með öllu eða tollaður sérstaklega. Þess vegna reka íslensku útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækin eigin starfsemi innan ESB til að forðast tollanna en eftir sitjum við án þeirra tækifæra sem við ella hefðum. Þess vegna fara lömbin að mestu óunninn úr landi.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að láta þjóða okkur að stærstu atvinnugreinar verkafólks segi pass við þeim áskorunum sem þjóðin stendur frammi fyrir. Það gengur ekki að við látum þessi tækifæri sigla hjá okkur án þess að það skili sér í fjölgun starfa og aukinni verðmætasköpun.

Við höfum einnig mikil tækifæri í endurnýjanlegri orku og verðum að sýna meiri áræðni í að sækja þau. Í samningunum í vor lögðum við mikla áherslu á að lögin um verndun og nýtingu jarðvarma og fallvatna yrðu afgreidd og sem betur fer var breið samstaða á Alþingi um þetta frumvarp – það auðveldar næsta leik sem er afgreiðsla rammaáætlunar um nýtinguna. Hún hefur nú verið sett fram og er til umsagnar m.a. hjá okkur og á að afgreiða frá Alþingi fyrir áramót. Ef okkur tekst að mynda breiða samstöðu um rammaáætlunina ættu okkur að vera allir vegir færir að sækja fram á þessu sviði af meiri þrótt og þunga með áherslu á nýjar greinar eins og kísiljárn, sólarsellur, koltrefjar, gagnaver o.fl.

Lykilatriðið í uppbyggingu atvinnulífs og endurheimt okkar fyrri lífskjara er hins vegar stefnan í peninga- og gengismálum. Enn og aftur hefur krónan verið örlagavaldur gagnvart verðbólgu og kaupmætti. Enn og aftur hafa félagsmenn okkar mátt þola óviðunandi vaxtabyrði vegna hárra vaxta og skiptir þá engu máli hvort þeir eru verðtryggðir eða óverðtryggðir. Stjórnámálamenn verða að horfast í augu við þann kalda veruleika, að við eigum svo langt í land með að ná jöfnuði í gjaldeyrishreyfingar að gjaldeyrishöftin eru komin til að vera um nokkuð langt skeið.

Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur upplýst að hún telur mikilvægt að vextir eigi og verði að hækka á næstu misserum – og endurtaka vitleysuna frá árunum 2004-2008.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að mæta eigi hækkun raungengis vegna verðbólgu með gengisfellingum og halda þannig kaupmætti niðri um næstu 10-15 árin. Ef þetta verður raunin er verið að dæma okkur í ástandið eins og það var á árunum 1945-1990. Þá voru gjaldeyrishöft og þá var gengið notað til þess að búa til gjaldeyri í stað þess að efla raunverulega verðmætasköpun í útflutningi. Þetta er ástand sem við viljum ekki en er ástand sem við kunnum að þurfa að glíma við engu að síður.

Á ársfundinum okkar í október 2008 var sú stefna ASÍ samþykkt, að umsókn um aðild Íslands að ESB og upptaka evru væri eina færa leiðin út úr þeim ógöngum sem við værum í. Við vildum láta á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samning Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. Þessi afstaða hefur verið ítrekuð á öllum ársfundum síðan. Alþingi ákvað síðan í júní 2009 að fara í þessa vegferð en ótrúlega hægt hefur gengið að móta samningsmarkmið okkar. Ríkisstjórnin er ósammála um markmiðin, landbúnaðarráðherra hefur kerfisbundið komið í veg fyrir að hægt sé að skilgreina og samræma hagsmuni okkar í landbúnaði og stjórnarandstaðan vil geyma að fjalla um framtíðina þangað til síðar. Enginn hefur stigið fram og veitt einhverja forystu um það hvers vegna við ættum að gerast aðilar að sambandinu og lítt verður vart við tilraun til þess að skilgreina hvaða mál það eru sem munu bera væntan samning í gegnum atkvæðagreiðslu.

Í ályktun okkar um þetta ferli árið 2008 lögðum við áherslu á að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) og í beinu framhaldi af því fulla aðild að Evrópska myntsamstarfinu og upptöku evru. Í ljósi þess að krónan okkar á sér ekki viðreisnar von og við blasa gjaldeyrishöft um ókomin ár er ég þeirrar skoðunar að við eigum að ræða við pólitíska forystumenn í Evrópu um beina aðstoð þeirra til að treysta stöðu gjaldmiðilsins, hugsanlega með því að tengja krónuna beint við evruna með stuðningi þannig að almenningur og fyrirtæki fái fyrr notið vaxtalækkana og stöðugleika. Við eigum ekki að láta skammtíma vanda evru, dollars og jens villa okkur sýn, evran er eins og klettur í hafinu borið saman við þá krónu sem við búum við!

Við eigum að setja fram skýr samningsmarkmið um aukin framlög til byggða- og dreifbýlismála til að aðstoða fólk og fyrirtæki til að takast á við óhjákvæmilega þróun. Við eigum að setja fram skýr markmið um aukin framlög til starfsmenntamála til að hraða nauðsynlegri fræðslu og menntun þeirra sem minnsta menntun hafa. Við eigum að setja fram markmið um hlutverk ESB í uppbyggingu samgöngumannvirkja til að tengja saman byggðir og auka hreyfanleika milli svæða. Við eigum einfaldlega að nota aðild að Evrópusambandinu sem það ankeri sem við þurfum til þess að draga okkur upp úr þeim hjólförum sem við erum í. Reynslan sýnir okkur að þessi fjör geta ekki leitt okkur annað en á braut ófremdarástands sem leysir ekki úr þeim vanda sem við er að glíma og það er trúverðug framtíð fyrir börnin okkar.

Kæru félagar.

Ég veit að umræða um skipulagsmálin verða fyrirferðamikil á þessu þingi. Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í þá umræðu en vil þó leggja nokkur orð í belg. Skipulag íslenskrar verkalýðshreyfingar hefur verið í mótun frá upphafi og tekið ýmsum breytingum, bæði á vettvangi Alþýðusambandsins og með hvaða hætti aðildarfélögin hafa hagað samstarfi sínu um gerð og mótun kjarasamninga. Um skeið voru innan okkar raða harðvítugar deilur um hlutverk og verkaskiptingu milli heildarsamtakanna, landssambandanna og einstakra aðildarfélaga og

kom það að mínu mati niður á starfinu og árangrinum. Um síðustu aldamót tókst okkur að koma þessari deilu í ákveðnari farveg. Það gerðum við með því að skilgreina betur og skýrar hlutverk og verkefni heildarsamtakanna, stöðu landssambandanna og mikilvægi aðildarfélaganna í samskiptum þeirra við hinn almenna félagsmann. Það er einnig alveg ljóst að lykillinn að þeirri lausn var einnig stofnun Starfsgreinasambandsins og sameining verkafólks undir einn öflugan fána. Ég er þeirrar skoðunar að þessi ákvörðun hafi verið okkur til mikilla heilla og lagt grunn að meiri samstöðu og slagkrafti okkar í samskiptum við bæði atvinnurekendur og stjórnvöld. Við getum verið stolt af þeim árangri sem þessi samstaða hefur skilað á þessum áratug. Það er nefnilega þannig að bæði fjármagnið og stjórnámálamenn eru afar skammsýn í sínum veruleika. Það er ýmist afkoman á árinu eða jafnvel ársfjórðungnum sem stýrir ákvörðunum stjórnenda fyrirtækja og næstu kosningar hafa gjarnan haft áhrif á stjórnámálamanninn. Verkalýðshreyfingin er hins vegar stöðugt að hugsa um stöðu launafólks til langs tíma, hvernig félagar okkar geta sótt tækifærin í formi menntunar eða mætt óvissunni í formi réttinda og öryggis við afkomubrest. Þetta sáum við hvað einna best á árunum 2004-2008. Samstaðan innan okkar raða gerði okkur kleyft á þessum árum að tryggja aukin framlög í fullorðinsfræðslu með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eflingu símenntamiðstöðvanna, aukin framlög í starfsmenntasjóðina okkar, aukin og bætt réttindi í atvinnuleysistryggingasjóði og virkum vinnumarkaðsaðgerðum og nýverið uppbyggingu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs til að aðstoða þá félagar okkar sem búa við afleiðingar langvarandi veikinda og slysa.

Í undangengnum kjarasamningum höfum við einnig náð að mynda traust samband og samstarf milli sambandanna okkar og félaganna með beina aðild með sérstökum samstarfssamningi þar sem opinskátt er kveðið á um forsendur samstarfsins og hvernig tekið er á úrlausn mála. Hefur þetta verið aðildarfélögunum og samböndunum styrkur í glímu þeirra við atvinnurekendur og tryggt okkur sterkari stöðu við stjórnvöld. Um margt hefur samstarfið á vettvangi Alþýðusambandsins verið traustara og sterkara en það hefur verið um áratuga skeið og skilað félagsmönnum okkar árangri sem tekið er eftir.

Það verður ekki horft fram hjá því að á sama tíma hefur gætt vaxandi ólgu um hlutverk og verkaskiptinguna milli landssambandanna og einstakra aðildarfélaga. Vafalaust má rekja það til þeirrar staðreyndar, að eftir mikla bylgju sameiningar aðildarfélaga í nánast öllum samböndum eru þau í ríkari mæli orðin sjálfbær um margt af því sem áður var lagt til sambandanna. Við þessu þarf að bregðast og finna þessu nýjan farveg, hvort sem það er með endurskoðun og nauðsynlegum breytingum á fyrri verkaskiptingu eða með því að móta nýja farvegi fyrri samstarf aðildarfélaga á borð við það sem m.a. félagar okkar í nágrannalöndunum hafa gert. Aðal atriðið í mínum huga er, að við gefum okkur góðan tíma til þess að velja þessu fyrir okkur og höfum það að leiðarljósi að kraftur okkar felst í hreinskiptum umræðum og skoðanaskiptum og umfram allt breiða samstöðu um niðurstöðuna þar sem við fylkjum liði. Aðeins þannig náum við árangri og aðeins þannig endurnýjum við það umboð sem félagsmenn okkar veita okkur til athafna.

Ég vona að þetta þing verði ykkur og okkur öllum til heilla og óska ég ykkur velfarnaðar í störfum ykkar.

Takk fyrir.

Gylfi Arnbjörnsson,
forseti ASÍ